



## 21. stjórnarfundur LH

Haldinn 13. júní 2016 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal kl. 16:00

Mættir aðalmenn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Eyþór Jón Gíslason ritari, Stella Björg Kristinsdóttir, Haukur Baldvinsson

Mættir varamenn: Helga Björg Helgadóttir, Rúnar Þór Guðbrandsson

Gestir: Hilda Karen Garðarsdóttir starfsmaður skrifstofu

Fjarverandi: Ólafur Þórisson gjaldkeri, Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Petra Kristín Kristinsdóttir, Hrönn Kjartansdóttir, S. Rúnar Bragason

### 1. Samgöngunefnd LH – Halldór H. Halldórsson

- a. Dómur Hæstaréttar í Munkaþverármáli – Halldór hefur rætt við lögfróða menn sem höfðu lesið dóminn. Í máli þeirra kom fram að óviturlegt hefði verið að fara í eignarnámsaðgerðirnar á sínum tíma, heldur hefði átt að láta reyna á umferðarréttinn í málinu og styðjast þar við 55.gr. vegalaga. Halldór leggur til að beðið verði með að leita frekara sérfræðilíts í málinu þar sem hann sem formaður Ferða- og samgöngunefndar LH, er ekki tilbúinn að samþykkja frekara fjármagn af reiðvegafé í málarekstur eða lögfræðikostnað, amk. ekki að svo komnu máli. Lagðar voru til hliðar 5,5 milljónir króna af reiðvegafé sem vera áttu til taks ef eignarnámið hefði verið staðfest í dómi Hæstaréttar. Þar sem dómurinn hafnaði eignarnáminu, lagði fundur Ferða- og samgöngunefndar til að fjármunirnir yrðu nýttir til reksturs á kortasjá LH, enda komu þeir upphaflega af reiðvegafé.
- b. Halldór leggur til að LH komi sér upp umhverfisstefnu. Samgöngunefnd er tilbúin til að vinna þessa stefnu og bera síðan upp við stjórn. Samþykkt að þiggja það góða boð.
- c. Halldór leggur til að sækja um styrk til Vina vatnajökuls sem úthluta styrkjum innan vatnajökulsþjóðgarðs. Samgöngunefnd sendir umsóknina inn.
- d. Halldór leggur til að LH beiti sér fyrir fundi með Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis vegna Samgönguáætlunar 2015 – 2018 sem þá lá fyrir Alþingi til umfjöllunar, lagði til að farið yrði fram á aukið fjármagn til reiðvega.
- e. Fá meira fjármagn inn vegna ferðaþjónustuaðila í hestamennsku til viðhalds á reiðvegum. Halldór leggur til að stjórn LH óski eftir fundi með forsvarsmönnum hestaferðafyrirtækja (eða samtökum þeirra ef þau eru til) og nefndinni. Þar sem umræðan yrði um sameiginlegan þrýsting aðila á stjórnvöld um aukið fjármagn til reiðvega. Reiðvegafé dugir ekki til viðhalds reiðleiða sem fyrir eru og hvað þá heldur til nýframkvæmda.

### 2. Fundargerð síðasta fundar – samþykkt

### 3. Erindi frá Herdísí Reynisdóttur

Samþykkt að vísa erindinu til menntanefndar LH.

### 4. Tölvunefnd LH – staða

Tölvunefnd LH er að vinna nýjan veflægan Sportfeng/Kappa. Sú vinna gengur vel núna þó að hún sé töluvert á eftir áætlun, því stefnt var að því að kerfið yrði tilbúið vorið 2015. Stefnt er að því núna að geta prófað kerfið í haust. Kappi hefur ekki verið uppfærður eða unnið að honum í þrjú ár. Góð umræða var um annars vegar Kappa, Sportfeng og hins vegar Ice Test. Samþykkt að fulltrúi Bí komi og kynni verkefnið fyrir stjórn LH í haust. Óska eftir því við tölvunefnd LH að hún geri samanburð á þessum tveimur kerfum. Samþykkt.



### 5. Skógarhólar – staða

Gerður var samningur við Bergdísí Finnbogadóttur og Árna Guðmundssonar um að vera staðarhaldarar á Skógarhólum sumarið 2016. Opnaður var reikningur í nafni LH í Bauhaus, Líflandi og Rekstrarvörum. Dyttuð hefur verið að staðnum síðustu vikur og allt lítur nokkuð vel út. HBH og JDB skýra út verkefni sem verður á Skógarhólum í september. Þar mun stór hópur leigja svæðið allt, koma með risatjald, setja upp vikingarorp, fá hesta og fólk, og fleira. Þetta mun þýða einhverjar tekjur fyrir LH sem nýta má við uppbyggingu á Skógarhólum. Gerður verður samningur við Saga Events sem heldur utan um þennan hóp og óskað verður innaborgunar frá leigutaka.

### 6. LM2016 – staða

Vellirirnir hafa verið undir álagi, bæði hafa verið kynbótasýningar og mót á Hólum. Mannvirkjanefnd lætur vel af völlumum.

Búið er að selja 4000 miða. Markaðssvæði er fullt og fleiri aðilar en áætlun var. Samstarfsaðilar eru yfir áætlun.

RPG spyr hvort margir hlutir séu á eftir áætlun. EJG svarar að það sé búið að vera að bíða svolítið eftir því að mót og kynbótasýningar klárast. Núna er hægt að klára ýmsa hluti sem biðu. LÁH svarar þessu líka þannig að það hafi verið jákvætt að hafa þessa viðburði á staðnum og fá umsagnir frá knöpum og framkvæmdaaðilum. Umsagnirnar voru jákvæðar og enginn kvíði í mönnum vegna vallarmála.

LÁH talar um að kannski sé umferðin ákveðið áhyggjuefni, þó ekki þar sem reynt verði að hafa sem mest af hrossum á staðnum og þannig reyna að minnka umferðina.

EJG segir að annað ákveðið áhyggjuefni sé flæði fólks úr stóru brekkunni, því það þarf að fara yfir völlum til að komast á aðalsvæði mótsins, þ.e. stóra markaðs- og veitingasvæðið.

### 7. Gangtegundaverkefni

Samþykkt að fá Sigurbjörn Bárðarson, Þorvald Kristjánsson og Sigurð Ævarsson á fund til að fara yfir þetta verkefni og skýra ýmis mál.

### 8. Markaðsverkefnið Horses of Iceland – staða, RPG

Gengur vel að safna fé inn í verkefnið. Vefur verkefnisins er langt kominn í þróun. Stór kynningarveggur verður settur uppí Leifsstöð. #leikur settur í gang þar. Íslandsstofa er með verkefni í gangi til að kynna landið sem gengur út á að kenna ferðamönnum á ýmsa hluti. Þannig myndband verður gert um íslenska hestinn. Horses of Iceland-verkefnið verður á LM og heldur m.a. utan um umgjörðina og dagskrána í Breeders Café og mun höllin þá jafnvel heita „Horses of Iceland Café“. Hestatorgið eins og menn þekkja það verður á sama stað. JDB: Margir búnir að leggja á sig mikla sjálfboðavinnu við þetta verkefni, t.d. Rúnar Þór og Sveinn Steinarsson formaður FHB.

### 9. Íslandsmót yngri flokka

Búið var að skrá ÍM yngri flokka sem WR mót en mótshaldarar í Borgarnesi hættu við það. Stjórnarmenn sammála um það að bæði Íslandsmótin eigi að vera WR mót og skoða þarf því lög og reglur með þetta í huga. Skoða hvort ekki hægt sé að hafa þetta WR mót. LÁH talar við formann Skugga vegna þess.

### 10. Önnur mál

- Rætt var um Kortasjá. Hver er rekstur hennar á ári? Skoða það úr bókhaldinu og eins að fá tölur frá Halldóri formanni Ferða- og samgöngunefndar.

*Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið um kl. 19:40.  
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.*